

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F11/2025

Reykjavík, 27. júní 2025

Vinnumálastofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Umboðsmaður Alþingis hefur við meðferð mála þar sem aðilar hafa kvartað til hennar yfir ákvörðunum Vinnumálastofnunar orðið vör við tilvik þar sem ákvarðanir stofnunarinnar voru nafnlausar, þ.e. að undir þær var ekki ritað með nafni þeirra starfsmanna sem stóðu þeim að baki.

Áður en umboðsmaður tekur ákvörðun um hvort málið verði tekið til frekari athugunar á grundvelli frumkvæðisheimildar hennar er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að stofnunin veiti upplýsingar um hvort það sé almennt verklag hjá henni við meðferð mála að ákvarðanir og rökstuðningur þeirra séu ekki undirritaðar með nafni þeirra starfsmanna sem afgreiða málið eða það tilgreint með öðrum hætti. Sé svo er þess óskað að stofnunin veiti skýringar á því hvernig hún telur þá starfshætti samrýmast þeim réttaröryggiskröfum sem leiða af skráðum og óskráðum reglum stjórnarsýsluréttarins. Hefur umboðsmaður þar sérstaklega í huga að málsaðili geti gert sér grein fyrir því hvaða starfsmanni stjórnvaldsins var falið að afgreiða málið og þar með að hann sé bær til þess, hvort sá starfsmaður uppfylli hæfisskilyrði stjórnarsýslulaga til meðferðar þess og hvort afgreiðsla þess sé að öðru leyti í samræmi við lög. Sjá til hliðsjónar álit umboðsmanns frá 2. júlí 2021 í máli nr. 10652/2020 þar sem umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að sú afstaða Tryggingastofnunar að birta almennt ekki nöfn starfsmanna sem stæðu að baki ákvörðunum stofnunarinnar væri ekki í samræmi við kröfur sem gera yrði til forms og framsetningar stjórnvaldsákvæðana í ljósi réttaröryggissjónarmiða og vandaðra stjórnarsýsluhátta. Í þessu sambandi skal tekið fram að umboðsmanni er kunnugt um úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála í málum nr. 97/2019, 432/2019 og 135/2020 þar sem nefndin fjallaði um hvort Tryggingastofnun hefði verið heimilt að synja kæranda um upplýsingar um meðal annars nöfn starfsmanna sem komu að máli viðkomandi. Nefndin féllst ekki á að slíkt væri heimilt.

Þess er óskað að svar stofnunarinnar berist umboðsmanni ekki síðar en 8. ágúst nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir
skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT